

Ed.

115. Nefndarálit

um till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég undirritaður hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu till. þessarar.

Í launalögunum frá 1919 er svo ákveðið, að embættis- og starfsmenn ríkisins skuli, fyrst um sinn til ársloka 1925, fá dýrtíðaruppbót á laun sín eftir föstum reglum, sem þar eru settar. Skal dýrtíðaruppbótin reiknuð eftir visitölu, er hagstofan reiknar út í októbermánuði ár hvert með þeim hætti,

er lögín nánar tiltaka. Þetta ákvæði launalaganna var svo á þingi 1925 með lagabreytingu framlengt til ársloka 1928. Síðan hefir það verið framlengt hvað eftir annað, og gildir síðasta framlenging til ársloka 1931. Má ætla, að fyrir þetta þing verði nú einnig lögð tillaga um framlengingu á lögnum frá 1925 um eitt eða tvö ár, því ekki virðist rétt að fella dýrtíðaruppbótina niður, meðan launalögín eru ekki endurskoðuð.

Um þingsál.till. þá, sem bér liggur nú fyrir, er nokkuð öðru máli að gegna. Hún hafnar alveg þeim grundvelli, sem dýrtíðaruppbótin byggist á, visitölunni, og felur í sér launabækkun allra þeirra, er dýrtíðaruppbótar njóta, án þess að rétta að öðru leyti bluta þeirra, er búa við lökustu launakjörin. Verð ég að telja það varhugaverða braut að ganga inn á og vafasama réttarbot.

Síðan 1921 hefir vísitala sú, sem dýrtíðaruppbót er reiknuð eftir, farið lækkanði ár frá ári, sem stafar af lækkuðu verði á lífsnauðsynjum í landinu og þá um leið minnkandi dýrtíð. Árið 1929 sýndi vísitala hagstofunnar, að dýrtíðaruppbót átti að vera 34%, en hafði árið áður verið 40%. Þá var það, að Alþingi heimilaði ríkisstjórninni með þingsályktun að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins sömu dýrtíðaruppbót og greidd hafði verið 1928 (40%). Mun ástæðan fyrir samþykkt þeirrar tillögu aðallega hafa verið sú, að þingið viðurkendi, að laun í sumum lægstu launaflokkum laganna frá 1919 væru of lág, og þar sem þingið virtist veigra sér við að taka til endurskoðunar launalögín í heild, sem þó óneitanlega lá beinast við, þá hefir það talið þessa bráðabirgðalausn viðunandi að því sinni. 1930 var samhljóða till. aftur samþykkt. Og nú liggur hér fyrir tillaga um, að árið 1931 heimilist ríkisstjórninni að greiða sömu dýrtíðaruppbót (þ. e. 40%).

Nú er þess að gæta, að árið 1929 var vísitalan 34%, svo mismunur á visitölu og þeirri dýrtíðaruppbót, sem greidd var það ár, var 6%. Í ár er vísitalan 30%, og verður þá mismunur á visitölu og því, sem till. fer fram á að greitt verði, 10%, sem er launabækkun, þar sem vísitalan byggist á lækkuðu verði lífsnauðsynja. Þetta sýnir, inn á hve varhugaverða braut er gengið með samþykkt þessarar till.

Þó að ég viðurkenni, að fyllsta þörf sé á að bæta launakjör nokkurra embættis- og starfsmanna ríkisins, þeirra er lægst eru launaðir í raun og veru, þá viðurkenni ég ekki, að nauðsyn beri til að hækka laun embættismanna yfirleitt, og tel því þá braut, er tillagan gengur inn á, mjög óheppilega til lausnar því máli, þó aðeins til bráðabirgða sé.

Ég legg því til, að þingsályktunartillaga þessi verði felld.

Alþingi, 7. marz 1931.

Ingvar Pálmason.